## 23. Gísli (Guðmundsson?) þingmaður Bolvíkinga.

2 blöð qto.

[illegible]

## Gísli (Guðmundsson?) þingmaður Bolvíkinga.

Gísli þessi var alkunnur maður, einkum á Vesturlandi, en hann var og kunnur hér syðra, sökum þess, að hann kom ávalt hingað til Reykjavíkur þau árin, sem Alþingi var háð, enda hélt hann því fram í fullri alvöru, að hann væri löglega kjörinn þingmaður fyrir Bolungavík. Gekk hann oftast svo ríkt eftir því, að fá þingsetu, að hann veigraði sér ekki við því, að ryðjast inn í þingsalina þingsetningardaginn og næstu daga þar á eftir, unz honum var þetta tiltæki hans forboðað svo mjög, að hann varð að hætta við það.

Gísli var viðkvæmur í meira lagi og ónæði stafaði oft af honum. Hann hafði m. a. þau forréttindi fram yfir flesta þá, er sér tóku far með strandferðaskipunum að vestan, einkum „Vestra", að hann fékk ávalt ókeypis far, með því skipi, a. m. k. meðan það var gert út af Thorefélaginu, enda hafði Thor E. Tulinius lagt svo fyrir við skipstjórann, Guðmund Kristjánsson.

Einhverju sinni bar svo við, að Gísli Bolvíkingaþingmaður vildi ganga á Konungsfund. En til þess vantaði hann farkost allan og fór því fram á, að Guðmundur Kristjánsson veitti sér far með skipi sínu, er þá var að búa sig til Kaupmannahafnar, og tók Guðmundur því fjarri: Sú það fyrir, að honum mundi verða hin mesta vandræði af því lítsama farþega, sem enginn þekkti og hefði það erindi eitt í huga, „að ganga á Konungsfund". Gísli virtist sjálfur vera ofurliða orðinn með að fara þessa ferð og varð Guðmundur því harðlæginn og vildi ekki að sér né gengi Gísla um goldstað í því efni, að reyna að laumast með skipi Guðmundar.

Síðasta daginn, sem Guðmundur var að ferðbúa sig og skip sitt, var norðanstórviðri á og ílt aðstöðu með útskipun, enda lá skip hans langt úti, miklu utar en þar, sem hafnargarðarnir eru nú. Upp- og útskipunarbátar voru þá í stöð við stærstu trönduringa, breiðir mjög og þungir til gangs; oftast var

þeim róið með einni ár á hvort borð, en stundum þó með tveim. Loks var farminum útskipað og myrkur dunið yfir, en eftir var að ná „póstinum" úr landi. Vedrid var svo hart, að tvíbent þótti, að takast mætti að létta akkerum, í myrkrinu, án þess skipið ræki svo nærri landi, að skaði yrði að. Duglegustu hásetar skipsins voru því kvaddir til, að gera sitt ítrasta med að létta akkerum, sem lágu við nærri 20 faðma keðjum, er skipið lá við. Keðjurnar voru „halaðar inn" í kassa einn í framstafni skipsins hæfilega stóran fyrir þær einar og varð kassinn fullur af þeim einum, er þær voru allar innbyrtar; þar var engu öðru hægt fyrir að koma.

Þegar skipsmenn höfðu halað inn alt að helmingi keðjanna, heyrðu þeir, þrátt fyrir vindgnýinn, ærslin í sjónum og hvininn í rám og reiða, óhljóð mikil, er þeim virtist koma frá keðjukassanum. Þeir urðu því að hætta að hala inn í bili og fóru að gæta að því hvað þarna væri um að vera, og komust þá að raun um, að Gísli Bolvíkinga þingmaður hafði falið sig í keðjukassanum, í því skyni, að hann á þessa lund gæti leynst svo lengi í skipinu, að sér tækist að komast utan, eins og hann hafði ætlað sér.

Tiltæki þetta kom skipstjóranum í hinn mesta vanda. Hann fyrirskipaði því að varpa akkerunum til botns aftur, setja stærsta björgunarbátinn á flot og flytja „þingmanninn" tafarlaust til lands, sem í raun og veru mátti setta sig við þessa lausn málsins, í stað þess, að verða kasaður undir öllum keðjuhlekkjunum í kassanum.

Margar fleiri sögur, smáskrítnar og skringilegar mætti segja um „þingmann" þenna, ekki síður en aðra „stéttarbræður" hans, sem meiri rétt höfðu til þingsetu en hann, en fóru þó engu hyggilegar að í brellum sínum.